

Fyrirspurnir og svör í útboði nr. 14817 Blóðskilur fyrir LSH

Síðasti dagur til þess að leggja inn fyrirspurnir eða athugasemdir er 02.03.2010. Fyrirspurnum sem berast eftir þann tíma er ekki svarað.

Birt á vefsvæði Ríkiskaupa þann 18. febrúar 2010

2. Fyrirspurn

Vísað er til fyrri fyrirspurnar (1. fyrirspurn) vegna formerkja og spurt: Snúa formerkin rangt eða á að standa í gr. 2.1.1 að gerðar séu ákveðnar hámarkskröfur til lífsamrýmanlegrar himnu?

2. Svar

Gerðar eru lágmarkskröfur varðandi boðin hylki sbr.gr. 2.1.1. og í gr. 2.1.2.1 er í sviganum gefið upp algengt viðmið fyrir lágflæðihylki. Þetta eru lágmarkskröfur til gæða sem boðin hylki skulu standast og koma ekki til frekara mats við val tilboða. Boðin hylki sem standast þessar lágmarkskröfur mega gefa miðlungsflæði eða háflæði en þau fá engin sérstök stig fyrir það.

Fyrri fyrirspurnir í útboði birtar 15.02.2010

1. Fyrirspurn

Spurningin varðar grein 2.1.2.1 í útboðslýsingu og er svohljóðandi: Snúa formerkin ekki öfugt í KUF og KoA, þ. e. 10 og 500 eru lægstu gildi en ekki hæstu gildin?

1. Svar

Svarið er nei, formerkin snúa rétt.

Virðingarfyllt
F.h. Ríkiskaupa

Ragnar Davíðsson, verkefnastjóri



RÍKISKAUP